



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 20. desember, 2013

Ákvörðun nr. 36/2013

Samruni Virðingar hf. og Auður Capital hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi móttæknu 22. nóvember 2013 tilkynnti Virðing hf. (hér eftir Virðing) um fyrirhugaða yfirtöku félagsins á Auði Capital hf. (hér eftir Auður Capital). Með bréfinu fylgdi samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær. Fullnægð tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga um tilkynningu samruna.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yfirráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yfirráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti.

Samkvæmt samrunaskrá er Virðing verðbréfafyrirtæki sem sérhæfir sig í þjónustu við fagfjárfesta og stofnanafjárfesta. Hefur Virðing starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Auður Capital er verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingatengda þjónustu á sviði eignastýringar, markaðsviðskipta, fyrirtækjaráðgjafar og reksturs framtakssjóða. Hefur Auður Capital starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Segir í samrunaskrá að eðli samrunans sé með þeim hætti að Virðing taki yfir Auði Capital. Auði Capital verði þannig slitið án skuldaskila og félagið sameinað Virðingu, sem áfram verði rekið sem hlutafélag. Hlutur núverandi hluthafa í Virðingu verður 47% í hinu sameinaða félagi en hlutur núverandi hluthafa Auður Capital verður 53% í hinu sameinaða félagi.



Starfa félögin bæði á undirmörkuðum fjármálaþjónustumarkaðar á Íslandi; markaði fyrir fyrirtækjaráðgjöf, markaði fyrir eignastýringu og markaði fyrir verðbréfamiðlun og markaði fyrir ávöxtun fjármuna fagfjárfesta til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum seljanlegum eignum (fagfjárfestasjóðir).

Þá segir í samrunaskrá að landfræðilegir markaðir sem samrunaaðilar starfa á séu í öllum tilvikum landið allt, Ísland. Í langflestum tilfellum sé um að ræða þjónustu sem veitt sé hér á landi og sé starfsleyfisskyld samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálaþjónustu.

III.

Niðurstaða

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Telja samrunaaðilar að samruni þessi muni hafa jákvæð áhrif á þeim mörkuðum sem aðilar starfa á. Með samrunanum verði til stærra og öflugra fyrirtækja, sem sé betur í stakk búið til að veita stærra aðilum á markaði harða samkeppni.

Að undangenginni athugun og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Auðar Capital og Virðingar muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Þannig er sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir ekki það há að hún veiti vísbendingar um að samruninn hindri virka samkeppni. Þá starfar nokkur fjöldi fyrirtækja á sömu mörkuðum auk þess sem markaðshlutdeild og fjárhagslegur styrkleiki viðskiptabankanna Íslandsbanka, Arion banka og Landsbanka er töluverður. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Auðar Capital og Virðingar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Yfirtaka Virðingar hf. á Auði Capital hf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson